



Hörgársveit

Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Hörgá svæði 6, 2022

Leyfishafi:

Efniskaupi: Skútaberg ehf.
kt. 510108-0350
Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri
Landeigandi: Hæðargarður ehf.
kt. 471102-3340
Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri

Leyfisveitandi:

Hörgársveit
kt. 510101-3830
Belamerkurskóla, 604 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Umsókn leyfishafa um framkvæmdaleyfi - dags. 16. apríl 2019.
- Matsskýrsla með viðaukum – unnin af environice dags. apríl 2015, staðfest af Skipulagsstofnun 4. júní 2015.
- Umsögn Erlends Steinars Friðrikssonar, fiskifræðings, dags. 18. mars 2019
- Leyfi Vegagerðar vegna vegtengingar, dags. 29. apríl 2022.
- Umsögn Veiðifélags Hörgár vegna framkvæmdarinnar dags. 6. nóvember 2018.
- Leyfi Fiskistofu til efnistöku skv. 33. gr. lag nr. 61/2006 dags. 12. september 2022.
- Samkomulag efniskaupa við landeigendur dags. 10. september 2018 og 30. september 2019.
- Yfirlitsupphráttur/afstöðumynd, mælikvarði 1:5.000, dags. 19. september 2022.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 27. ágúst 2020, sem er skv. tillögu skipulags- og umhverfisnefndar 25. ágúst 2020, er hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Hörgá skv. neðangreindum skilmálum.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið gildir til 1. október 2024.

Efnistökutímabil:

1. október til og með 30. apríl ár hvert.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Framkvæmdaleyfið tekur til svæðis E6 í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Magn efnis sem framkvæmdaleyfið tekur til:

85.000 rúmmetrar

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:
Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfulltrúi

Útgáfudagur:
1. október 2022

Undirskrift:



Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

1. Framkvæmdaleyfi þetta er veitt skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
2. Bæði efniskaupi og landeigandi hafa með undirritun umsóknareyðublað (fylgiskjal a) staðfest aðild sína að framkvæmdaleyfi þessu og teljast ábyrgir á skilmálum þess gagnvart leyfisveitanda.
3. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal leyfishafi hafa innt af hendi greiðslu framkvæmdaleyfis- og umhverfisgjalds skv. gjaldskrá Hörgársveitar nr. 121/2018, eða samið við sveitarfélagið um greiðsludreifingu vegna gjaldsins.
4. Efnistaka á efnistökusvæði er einungis heimil innan skilgreinds efnistökutímabils. Heimilt er þó að sækja haugsett efni utan skilgreinds efnistökutímabils, enda eru haugar ekki staðsettir í námunda við árbakka.
5. Ef leyfishafi telur þörf á að víkja frá efnistökuáætlun sem tilgreind er að ofan skal hann sækja um leyfi til þess hjá leyfisveitanda.
6. Fjöldi tækja á efnistökuvæði skal haldið í lágmarki og ekki skulu vera þar önnur tæki á vegum leyfishafa en þau sem eru í notkun við efnisnám.
7. Varahlutir, birgðir og lausafé sem ekki nýtist beint við efnistöku skal ekki geymt á efnistökusvæðinu.
8. Ekki er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu leyfishafa innan efnistökusvæðisins.
9. Vinna við vélar, s.s. olíuskipti og annað viðhald, er bönnuð á efnistökusvæði.
10. Utan vinnutíma skulu vélar á vegum leyfishafa geymdar á geymslusvæði fjarri ánni, sem skilgreint er á afstöðumynd sem fylgir leyfi þessu (fylgiskjal h).
11. Vélar og tæki skulu aldrei geymd á efnistökusvæði utan efnistökutímabils.
12. Leyfishafi skal fjarlægja allan lausan úrgang sem kann að falla til vegna vinnu við efnistöku samdægurs og farga á viðurkenndan hátt.



Hörgársveit

13. Vinnsludýpi við efnistöku skal vera eins og tilgreint er í framkvæmdaleyfisumsókn leyfishafa dags. 16. apríl 2019 (fylgiskjal a).
14. Efni skal einungis haugsett til geymslu á svæði sem tilgreint er sem efnisgeymslusvæði á afstöðumynd sem fylgir framkvæmdaleyfi (fylgiskjal h). Efnishaugar skulu staðsettir í öruggri fjarlægð frá ánni með tilliti til flóða.
15. Efnisflutningar um svæðið og út á þjóðvegi skulu einungis vera eftir vegum sem skilgreindir eru á afstöðumynd sem fylgir framkvæmdaleyfi (fylgiskjal h).
16. Ef sandfoks gætir í verulegum mæli af vegslóðum skal leyfishafi vökva þá eða rykbundnir á annan hátt.
17. Þar sem efni er tekið úr grónu landi skal leyfishafi taka gróðurþekju til hliðar í upphafi verks en dreifa yfir svæðið aftur þegar framkvæmdaleyfið rennur út.
18. Við lok efnistöku skal leyfishafi jafna úr botni vatnsvegar eins og kostur er. Árbakkar skulu vera árbakkar stöðugir og hafa eins jafnan halla og kostur er.
19. Við lok efnistöku skal tryggt að Hörgá hafi nægjanlegt pláss í farvegi sínum og renni að mestu í núverandi meginfarvegi.
20. Leyfishafi skal jafna úr efnisgeymslusvæðum þegar haugar hafa verið fullnýttir og skal gróðurframvindu flýtt með sáningu eða áburði eftir atvikum.
21. Leyfishafi skal fjarlægja slóðar sem lagðir verða vegna efnistökkunnar að framkvæmd lokinni.
22. Leyfishafi skal ljúka frágangi á hverjum áfanga sem tilgreindur er í framkvæmdarleyfisumsókn þegar efnistökuheimild er fullnýtt.
23. Leyfishafi skal hafa samráð við Vegagerðina um tilhögun tenginga við þjóðvegi.
24. Leyfishafi skal tryggja að álitlegar hrygningarstöðvar í farvegi Hörgár þorni ekki upp vegna efnistökkunnar sem og að farvegur lokist ekki þannig að fiskur verði innlyksa.
25. Framkvæmdaleyfi þetta tekur einungis til efnistöku en ekki til malarvinnslu innan efnistökusvæðisins. Sækja skal sérstaklega um um leyfi vegna annarar starfsemi innan efnistökusvæðisins.
26. Leyfishafi skal hafa samráð við fiskifræðing um framkvæmd efnistöku í árfarvegi og frágang að framkvæmd lokinni.



Hörgársveit

27. Framkvæmdaleyfið er bundið þeim skilmálum sem fram koma í fylgigögnum leyfisins.